

**34. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 10. maí 2023, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Ósk um heimild til deiliskipulagsvinnu í landi Reykjanes - 2205001

Tekið fyrir bréf frá Skipulagsstofnun dags. 17. apríl 2023 er varðar deiliskipulag við Reykjanes við Djúp. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagssins í B-deild Stjórnartíðinda vegna formgalla.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að sótt verði um undanþágu frá grein 5.3.2.14 í skipulagslögum um fjarlægð bygginga frá sjó.

Súðavíkurhreppur var með opið hús 16. maí 2022 þegar deiliskipulagið var kynnt á vinnslustigi.

Samþykkt

2. Ósk um umsögn, Kvíslatunguvirkjun-skipulagslýsing - 2305001

Tekin fyrir skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 vegna Kvíslatunguvirkjunar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fagnar fyrirhugaðri virkjun í Strandabyggð, Kvíslatunguvirkjun. Nefndin gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

Samþykkt

3. Ofanflóðavarnir við Flateyri,vinnslutillaga send til umsagnar - 2304006

Tekið fyrir erindi frá Guðmundi rafni Kristjánssyni skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar dags. 27. apríl 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna ofanflóðavarna á Flateyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, ofanflóðavarnir á Flateyri.

Samþykkt

4. Umsagnarbeiðni við skipulagslýsingu - svæði Í9 í Dagverðardal - 2304001

Tekið fyrir erindi frá Helgu Þuríði Magnúsdóttur f.h. skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar dags. 4. apríl 2023 þar sem óskað er eftir umsögn vegna lýsingu skipulagsáætlana á svæði Í9 í Dagverðardal í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Dagverðardalur.

Samþykkt

5. Samningur um útgáfu starfsleyfis til niðurrifs á Eið ÍS-126 við Garðsstaðgrundir - 2303004

Lagður fram samningur um útgáfu starfsleyfis, dags. 3. febrúar 2023 til niðurrifs á Eið ÍS 126 við Garðsstaðgrundir

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

6. Áhættumat siglinga - 2305002

Tekin fyrir tölvupóstur frá Sunnu Viðarsdóttur f.h. Vegagerðarinnar dags. 2. maí 2023 er varðar áhættumöt siglinga, fyrir svæðin Arnarnes og Kirkjusund.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við siglingaleiðir eins og þær eru skilgreindar á uppdrætti í strandsvæðaskipulagi.

Samþykkt

7. Svæði undir púttvöll - 2305005

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Stjórn ungmennafélagsins Geisla, Súðavík dags. 21. júní 2022 er varðar svæði undirpúttvöll.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í erindið, óskar jafnframt eftir frekari lýsingu á staðsetningu. Nefndin óskar eftir umsögn tómsbundanefndar.

Samþykkt

8. Erindi vegna framkvæmda við Aðalgötu í Súðavík - 2305003

Tekið fyrir bréf frá Birgi Sigfússyni og Söru Lind Þrúðardóttur dags. 8. maí 2023 er varðar framkvæmdir á opnu svæði við Aðalgötu 28, 30 og 32.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að taka ekki afstöðu til erindissins fyrr en skorið hefur verið úr eignarhaldi landsins.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:30.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen

Sigurdís Samúelsdóttir

Jóhann Birkir Helgason